



Eftirlit með garði Stekkjaráss

Reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim

12. gr.

Innra eftirlit.

Heilbrigðisnefnd skal gera kröfu í starfsleyfi um innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum. Rekstraraðili ber ábyrgð á innra eftirliti. Ábyrgðaraðili skal vera að hverjum eftirlitsþætti innra eftirlits og skal hann gera rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og benda á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili skal gera nauðsynlegar úrbætur eða taka leikvallatæki úr notkun.

Innra eftirlitið skal vera samkvæmt ákvæðum staðalsins ÍST EN 1176. Innra eftirlit skal framkvæma samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í innra eftirlitinu skal tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum var lokið. Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.

Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun, sbr. ákvæði í viðauka III. Aðalskoðun skal framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda leikvallatækja.

1. Reglubundna yfirlitsskoðun getur þurft að framkvæma daglega allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður. Reglubundin yfirlitsskoðun felst einnig í að jafna yfirborðsefni undir leikvallatækjum með því að raka til mól og sand og sópa lausu efni af stéttum eftir þörfum. Þá skal við reglubundna yfirlitsskoðun fjarlægja skemmd leikföng og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka bilaðan búnað úr umferð.

Bilanir eru skráðar í sérstaka stílabók þar sem skráð er hvernig bilun, hvenær hún kemur fram, hvenær lagaðar og hver skráir.

2. Rekstrarskoðun felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum og gæti þurft að framkvæma hana á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi. Skoðuninni er ætlað að ganga úr skugga um að leikvallatæki virki eins og til er ætlast, stöðugleiki og festingar þeirra séu tryggar, kanna slitfleti, gera við tæki og framkvæma nauðsynlegt viðhald, svo sem mála, skipta um slitfleti, festa tæki og jafna

undirlag. Hér er bæði unnið eftir leiðbeiningum framleiðanda og ábendingum frá reglubundinni yfirlitsskoðun.

Eins til þriggja mánaðafresti.

3. Aðalskoðun er ástandsskoðun sem ætlað er að gera heildarúttekt á öryggi leikvallatækja, yfirborðsefna, m.a. yfirborðsefna til dempunar falls, og undirstaða undir leikvallatækjum (stöðugleikapróf), til dæmis vegna áhrifa veðrunar eins og ryðs og rotnunar á leikvallatæki og á yfirborðsefni. Einnig allar breytingar er geta haft áhrif á öryggi leikvallatækja. Þar má nefna áhrif viðgerða eða ísetningu nýrra hluta og uppsetningu nýrra tækja á leiksvæðum. Staðallinn segir til um að aðalskoðun eigi að vera framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Hæfni aðila fer eftir eðli verkefnis.

Einu sinni á ári ? Löggiltur eftirlits aðili.

Svona gerum við í Stekkjarási.

Reglubundin yfirlitsskoðun leiksvæðis.

Framkvæma skal reglubundna yfirlitsskoðun á garðinum daglega. Skoðunin skiptist á milli deilda vikulega. Tvær deildir úr hvorum enda bera ábyrgð á að garðurinn sé skoðaður þó svo að viðkomandi deild/deildir fara ekki út. Garðinum er skipt í tvennt og skoðar hvor endi sinn hluta, skiping er við dótaskúr.

Tilgangurinn er að greina hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti og veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festinga, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður.

Úrbætur:

Unnið er eins og skot að úrbótum. Það er í höndum starfsmanna eins og kostur er en kallað á aðstoð við viðgerð ef þarf. Allar bilanir skráðar í stílabók og kvittað fyrir þegar viðgerð hefur verið gerð.